Jón Kristjánsson
fiskifræðingur

Janúar 1997

Laxá í Hvammsveit 1996

Inngangur

Hólafoss var skoðaður í apríl með tilliti til fiskvegagerðar. Niðurstaða varð sú sama og áður: Fiskvegagerð svarar ekki kostnaði vegna þess hve uppeldissvæði eru rýr ofan fossins. Gott uppeldissvæði nær ekki nema nokkur hundruð metra upp fyrir hann. Fiskvegagerðin yrði mjög dýr, óvíst er um árangur og hversu lengi mannvirkið myndi standa. Seiðabúskapur á fiskgenga hlutanum var skoðaður 22. júlí. Ekki var veitt á ófiskgenga hlutanum. Meiningin var að kanna ána í september en vatnavextir komu í veg fyrir það.

Niðurstöður


Neðan við Geirmundarfoss fannst nokkuð af tveggja ára seiðum sem voru 7.5-8.0 sm löng. Þessi seiði klöktust vorið 1994 (hrygning 1993) og fundust þá á sama stað í talsverðum mæli og eins 1995 sem eins árs. Þetta var eini árgangurinn sem var þarna svo ætla má að klak hafi misfarist vorið 1995 (úr hrygningu haustið 94), eða lítil hrygning átt sér stað. Mjög lítið var af laxi í ánni haustið 1994 og reyndar einnig 1995.

Í Sælingsdalsá var veitt frá ármótum upp að Hólafossi. Þar fundust seiði, ekki mörg, öll jafn stór, eins árs, fædd vorið 1995. Seiðin voru 6.5-7.5 sm löng.


Áin er að breyta farvegi sínum ofan við ármótin. Frá í fyrra hefur hún fært sig nokkra metra til austurs frá því rétt ofan ármóta að klettinum þar fyrir ofan. Þar var farvegurinn lagaður í júlí en það hefði mátt gera það betur. það vantar stórgrýti til að halda mölinni kyrri svo líklega ruslar áin þessu burtu í vatnavöxtum.

Lagt var til að sleppt yrði 1000 seiðum á grýtta svæðið neðan við Hólafoss, 1000 seiðum ofan við fossin á grófa botninn. Afganginum, um 2000 stykkjum, skyldi dreift í Svínadalsá ofan við Geirmundarfoss, megninu ofan við brúna heim að Laugum. Viku seinna var sleppt um 5000 seiðum skv. þessarri forskrift.

Mynd 1. Þyngdardreifing aflans úr Laxá í Hvammsveit 1996.



Mynd 2. Lengdardreifing aflans úr Laxá í Hvammsveit 1996.




Laxveiðin 1996

Alls veiddust 44 laxar, 2 urriðar og 9 bleikjur. Fimm laxanna, fjórar hrygnur og einn hængur veiddust í ádrátt 8. september.

Fyrsti laxinn veiddist 27. júní og stangveiði var hætt 1. september. Í júní veiddust 2 laxar, 5 í júlí og 26 í ágúst. Fimm laxar veiddust 1. september.

Stærðardreifing laxanna er sýnd á myndum 1 og 2. Til samanburðar er sýnd stærðardreifingin frá 1993 (mynd 3), en þá veiddust 63 laxar í ánni.



Mynd 3. Lengdardreifing aflans úr Laxá í Hvammsveit 1993.

Hreistur var tekið af öllum stangveiddum löxum og er aldursskipting þeirra sýnd í töflu 1. Aldursdreifing frá 1993 er höfð í svigum.

Tafla 1. Aldursdreifing aflans úr Laxá í Hvammsveit 1996. Í svigum er aldursdreifing hluta aflans frá 1993.

Ferskvatnsaldur:	1 ár í sjó	2 ár í sjó	Samtals
2 ár	2 (3)		2 (3)
3 ár	10 (3)	3 (4)	13 (7)
4 ár	17 (18)	2 (12)	19 (30)
5 ár	2 (4)	1 (1)	3 (5)
Úr eldi	2 (5)	(1)	2 (6)
Samtals:	33	6	39 (51)

Rúmur helmingur laxanna hafði dvalið 4 og 5 ár í ferskvatni. Þeir hljóta að vera úr náttúrulegu klaki á fiskgenga hlutanum. Fiskar sem voru 2 og 3 ár í ferskvatni eru úr sleppingum.
Hlutfall fiska úr sleppingum er 38% nú en var 20% 1993. Rannsóknir hafa sýnt að ekki var von á mikilli útgöngu sleppiseiða 1995 en uppistaðan í laxagöngunni 1996 fór úr ánni sem gönguseiði það ár. Miklu meira á að hafa gengið úr vorið 1996 og því má búast við að meira gangi í ána af laxi 1997 en sl sumar, að öðrum skilyrðum óbreyttum.
Sleppt var 8000 seiðum 1993, meiri hluti þeirra hefur farið út 1995, en hluti þeirra fór í Sælingsdalsá inni í dal en þar er rýrt uppeldissvæði.
Árið 1994 var sleppt 10.000 seiðum, þau munu flest hafa gengið niður 1996 og þeirra var vart í talsverðum mæli sumarið 1995.

Umræður

Segja má að Laxá sé að komast í sitt fyrra horf eftir flóðin miklu sem urðu 8. maí 1993. Komið hefur á óvart hve laxinum hefur gengið illa að koma upp seiðastofni á fiskgenga hlutanum eftir raskið mikla. Eina hrygningin sem virðist hafa heppnast er frá haustinu 1993 á svæðinu Geirmundarfoss- ármót.
Svæðið neðan við Hólafoss hefur verið alveg seiðalaust þar til í sumar og er erfitt að útskýra það, því þar eru kjör skilyrði til hrygningar og uppvaxtar. Þarna var áður mjög mikið af seiðum, svo langt aftur í tíma sem vitað er.
Nú eru til um 2 lítrar af hrognum sem ættu að gefa um 15.000 seiði. Rétt væri að rafveiða í vor, áður en seiðin fara úr ánni, til þess að unnt sé að skipuleggja hvar eigi að setja seiðin og hve mikið sé óhætt að setja.
Sú ákvörðun að veiða ekki í september virðist eiga rétt á sér. Þó erfitt sé að trúa því virðist áin hafa verið "tæmd" árin 1994 og 95. Seiðaskortur á fiskgenga hlutanum undanfarin ár bendir til þess. Ég tel rétt að halda þessu áfram, enda fáum akkur í því að veiða mjög leginn fisk. Þetta verður að sjálfssöfðu að endurskoða á hverjum tíma því ánni er enginn greiði gerður með of stórum hrygningarstofni. Einnig má íhuga að flytja fisk upp fyrir fossa á haustin.